

## **Sauðfé – Verðlagning, yfirborganir og heimtaka**

### **Verðlagning sauðfjárafurða**

Á stjórnarfundum SS í gær var tekin ákvörðun um verðlagningu sauðfjárafurða haustsins. Framleiðslukostnaður hefur hækkað mikið milli ára en óvenjuerfiðar aðstæður eru á markaði til að ná hækkun á söluverði afurða.

Niðurstaða stjórnar var að hækka verðskrá SS fyrir dillakjöt um 16,5% frá fyrra ári auk sérstakrar hækkunar á matsflokk R3 sem hækkar um 17,8%. Miðað við flokkun SS í sept. og okt. í fyrra er vegið meðalverð 427,3 kr/kg sem er 16,9% hækkun frá fyrra ári og 17,5% hærra en meðalverð LS árið 2007.

Afurðalán og vaxtagjöld standa ekki undir staðgreiðslu og ef borin er saman kostnaður við staðgreiðslu og það fyrirkomulag sem vaxtagjöld miðast við er ávinningur bænda að jafnaði rúmlega 2% af staðgreiðslu og verður að hafa það í huga er samanburður er gerður við verðskrá LS. Í þeim samanburði má segja að um 6,5% muni á meðalverði SS og meðalverði LS. Einnig ber að hafa í huga að greiðslur til bænda vegna gæðastýringar hækka um nálægt 44 kr/kg milli ára.

Verð fyrir fullorðið fé var einnig hækkað umtalsvert.

Til viðbótar var ákveðin mikil hækkun á yfirborganum fyrir sláturtíð sem nánar er gert grein fyrir hér fyrir neðan.

		Verð SS 2008
E	1	467
	2	467
	3	460
	3+	409
	4	310
	5	287
U	1	465
	2	468
	3	446
	3+	408
	4	309
	5	281
R	1	429
	2	444
	3	423
	3+	350
	4	281
	5	273
O	1	377
	2	426
	3	368
	3+	338
	4	274
	5	270
P	1	337
	2	337
	3	252
	3+	254
	4	204
	5	234
Samt/Mv :		<b>427,26</b>
VP 1		250
VR 3		335
VR 4		288
VHR 3		75
VHR 4		52
VHP 1		60
FP 1		61
FR 3		122
FR 4		55
Útfl		305

Verðskrá SS verður endurskoðuð ef tilefni gefst til.

### Yfirborganir

Ákveðin hefur verið mikil hækkun á yfirborganum fyrir sláturtíð og gildir hún afturvirkir fyrir þá sem búnir eru að slátra. Annars vegar er hækkun í krónum talið en meiri hækkun er í því að greitt verður á alla flokka og allt kjöt bæði innanlands- og útflutningshluta.

Það er því verulegur ávinningur að slátra vikurnar fram að hefðbundinni sláturtíð og í nóvember !


Sláturvika	Yfirborgun Markaðsr.	Yfirborgun S.S.	Samt pr/kg m.v. 15 kg dilk	Sl.fjöldi
34 [18.-22. ágúst]	500 kr/dilk	98 kr/kg	131 kr/kg	2.000 stk
35 [25.-29. ágúst]	200 kr/dilk	94 kr/kg	107 kr/kg	4.000 stk
36 [1.-5. sept.]		90 kr/kg	90 kr/kg	
37 [8-12. sept.]		40 kr/kg	40 kr/kg	
38 [15.-19. sept.]		15 kr/kg	15 kr/kg	
Aðalsláturtíð	<b>Geymslugj.</b>	-	-	
45 [3. – 7. nóv.]	7 kr/kg	5 kr/kg	12 kr/kg	
46 [10. – 14. nóv.]	7 kr/kg	10 kr/kg	17 kr/kg	2.000 stk
47 [17. – 21. nóv.]	7 kr/kg	15 kr/kg	22 kr/kg	2.000 stk
48 [24. – 28. nóv.]	7 kr/kg	20 kr/kg	27 kr/kg	2.000 stk

Markaðsráð greiðir á flokka E-O, fituflokka 1-3+ fyrir sláturtíð og á flokka E-O, fituflokka 1-3 eftir sláturtíð en SS greiðir á alla flokka. Ekki liggur fyrir samningur um vaxta- og geymslugjald en hér er reiknað með að geymslugjald sem bændur fá greitt hækki um 7,7% milli ára og verði 7 kr/kg. Þetta getur breyst við samningsgerð.

### Heimtaka

Til einföldunar er sú breyting gerð að innheimt verður fast gjald pr. stk fyrir slátrun og 7parta sögun á heimteknu fé. Gjaldið verður 1.800 kr/dilk og 2.000 kr/fullorðið. Flestir taka heim fé sem er í þyngri kantinum og er þetta því ávinningur frá fyrra kg gjaldi. Auk þess er boðin fínsögun og kostar hún 245 kr/stk. Afhending á Selfossi og Hvolsvelli er án kostnaðar og kostnaður af heimsendingum innan félagssvæðis SS er felldur niður en rukkaðar 330 kr/stk fyrir kassa og poka sem þarf utan um kjötið sem sent verður með Flytjanda. Vsk bætist við ofangreindar tölur.

Kær kveðja,  
Sláturfélag Suðurlands svf.



Fyrirvari er gerður við prentvillur